

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, gatnamót Vesturlandsveggar og Reynisvatnsveggar-Víkurveggar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að gatnamót Vesturlandsveggar, Reynisvatnsveggar og Víkurveggar færast um 120 metra til norðausturs. Breytingin leiðir af sér nokkra hliðrun á legu umræddra gatna auk breytinga á afmörkun helgunarsvæðis gatnamótanna og aðliggjandi stofnana- og útivistarsvæðis. Tengistígur færast einnig samhliða færslu á Víkurvegi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.